

FLUGMÁLASTJÓRN  
LOFTFERÐAEFTIRLIT

S K Ý R S L A  
U M  
F L U G Ó H A P P

FLUGSKÓLI HELGA JÓNSSONAR  
Cessna F150H, TF-FHI  
Reykjavíkurflugvelli  
12. júní 1979.

SKÝRSLA UM RANNSÓKNINA

LOFTFAR 1. Cessna F150H TF-FHI

EIGANDI:

NOTANDI:

Flugskóli

LOFTFAR 2. Cessna 150M TF-FLY  
(Á STÆÐI)

EIGANDI:

FLUGMAÐUR:

35 ára

Skírteini flugnema nr.

FLUGTÍMI:

Heildartími 26:30 klst.  
Síðustu 90 daga 11:15 klst.  
Allt á þessa tegund.

SLYSSTAÐUR:

Reykjavíkurlflugvöllur; flugvélastæði/  
flugvélaakbraut skammt suður af skýli  
nr. 1.

DAGUR OG STUND: 13. júní 1979; kl. 16<sup>39</sup>.

TEGUND FLUGS: KENNSLUFLUG/EINFLUG.

STIG FLUGS: Akstur eftir landingu.

TEGUND SLYSS/  
ÓHAPPS:

Árekstur við kyrrstæða flugvél  
á stæði.

SLYS Á MÖNNUM:

SLYS	ÁHÖFN	FARÞEGAR	AÐRIR
DAUÐI	-	-	-
MEIÐSL	-	-	-
ÓMEIDDIR	1	-	-

SKEMMDIR Á LOFTFARINU: Litlar.

AÐRAR SKEMMDIR: Talsverðar skemmdir á kyrrstæðu loftfari TF-FLY.

SAGA FLUGSINS:

Flug þetta var einliða æfingaflug flugnema, undir umsjá flugkennara frá Flugskóla [REDACTED]. Flugneminn hafði framkvæmt þrjár landingar. Í fjórðu landingunni fataðist nemanum og gleymdi hann m.a. að taka vængbörð upp eftir flugtakið, sem á eftir fylgdi. Varð honum svo mikið um þetta að er hann í uppnáminu ók flugvél sinni TF-FHI eftir venjulegri akbraut flugvéla, framhá skýli nr. 1, þá gætti hann ekki varúðar og rak hægri vænginn í stélkamb TF-FLY sem var kyrrstæð og mannláus við brún stæðisins.

SKEMMDIR:

Engin meiðsl urðu á mönnum.  
Smábeygla kom í frambrún vængs TF-FHI.  
Talsverðar skemmdir urðu á stéli TF-FLY.

RANNSÓKN:

Ekkert fannst athugavert við flugvélinu TF-FHI eða stjórn-  
tæki hennar, sem valdið hefði getað óhappinu. Flugneminn,  
sem var við stjórn hennar, kvaðst hafa verið miður sín og  
ringlaður eftir vandræði þau er hann lenti í. Einnig hefði  
flugturninn kallað í hann og gefið honum akstursheimild að  
skóla, og hann hefði tekið hljóðnemann til þess að svara,  
þegar hann ók framhá flugvélunum og gætt sín því eigi sem  
skyldi.

TF-FHI var lofthæf og með gild skjöl. Einnig voru réttindi  
flugnemans í lagi.

Veðrið kl. 16<sup>39</sup>.

Vindur 330°, 15-20 hnútar.

Skyggni meira en 10 km. Skýjahæð 7/8 í 2000 fetum.

Hitastig 12°, daggarmark 6°. Loftþyngd 1015 mb.

ÁLYKTANIR OG NIÐURSTÖÐUR:

Ekkert fannst athugavert við flugvélinu TF-FHI.  
Flugneminn kvaðst hafa verið í uppnámi og miður sín og því  
eigi gætt sín sem skyldi, auk þess sem hann hefði teyggt sig  
eftir hljóðnemanum í þann mund, er hann ók vélinni eftir  
akbrautinni, milli flugvéla sem þar voru kyrrstæðar og mannláusar.

ORSÖK:

Líkleg orsök óhappsins er sú, að flugneminn sýndi ekki næga aðgát við stjórn flugvélarinnar.

Reykjavík 9. júlí 1979.

[REDACTED]

rannsakandi flugslysa